



Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar

2.tbl sept/okt 2024

Fréttir úr skólastarfinu

Almennt hefur gengið vel hjá nemendum að hvíla símann á skólatíma og eru nemendur á eldra stigi duglegir að fara út að leika sér, spila, spjalla og fara í íþróttahúsið þegar það stendur til boða. Breytingar taka alltaf tíma og flestir meðvitaðir um það.

Á yngra og miðstigi hafa þeir nemendur sem þurfa taka með sér símann í skólann verið duglegir að afhenda ritara símann áður en kennsla hefst.

Árshátíð Grunnskóla Hornafjarðar

Eflaust hafa einhverjir foreldrar tekið eftir að ekki var búið að festa niður ákveðna dagsetningu fyrir árshátíð grunnskólans. Árshátíðin verður haldin 19.febrúar og verður þemað auglýst fljótlega. Undirbúningur hefst svo strax eftir áramót

Aðalfundur foreldrafélagsins

Foreldrafélagið verður með aðalfund 22.október kl 17:00 í vöruhúsinu. Mig langar að hvetja alla foreldra til að mæta, undanfarin ár hefur því miður verið dræm mæting á fundi foreldrafélagsins og er það miður. Það er ákveðin forvörn falin í því að hafa öflugt foreldrasamstarf í samfélaginu okkar og gott að eiga samtalið varðandi um þau mál sem foreldrar glíma við í dag.



Foreldraviðtöl verða 8.nóvember.
Vetrarfrí dagana 11.nóvember og
12.nóvember





Fréttabréf

Grunnskóla Hornafjarðar

2.tbl sept/okt 2024

Mikilvæg ráð til skólaforeldra

Það að eiga barn í grunnskóla hefur ekki aðeins mikil áhrif á líf barnsins heldur allrar fjölskyldunnar. Að vera skólaforeldri er ekki meðfæddur hæfileiki heldur þarf, líkt og með öll önnur hlutverk, að lærast. Það er heldur ekki til nein ein rétt uppskrift að skólaforeldri, ekkert fremur en að vera foreldri. Við erum fyrst og fremst mannleg, höfum mismunandi reynslu, viðhorf og væntingar, styrkleika og veikleika. Hér eru hinsvegar nokkur mikilvæg ráð fyrir skólaforeldra.

- Kenndu barninu þínu að takast á við áskoranir
- Kenndu barninu þínu að líta á mistök sem tækifæri til að læra af
- Kynntu þér námsmarkmið barnsins þíns
- Hafðu réttmætar væntingar til barnsins þíns um námsárangur og samskipti
- Hlustaðu á barnið þitt
- Talaðu af virðingu um skólafélaga barns þíns og foreldra þeirra
- Hjálpaðu barninu þínu til að leysa þau vandamál sem eru á færi þess að leysa
- Leitaðu skýringa í skólanum ef efasemdir vakna um nám og/eða velferð barns þíns
- Líttu á skólann sem mikilvægan samstarfsaðila og leggðu þitt af mörkum í samstarfinu •
- Leggðu þig fram um að efla jákvæðan skólabrag í samstarfi við aðra skólaforeldra
- Sýndu námi barns þíns áhuga og veittu því stuðning
- Talaðu jákvætt um menntun og skóla barnsins
- Hafðu réttmætar væntingar til skólans
- Hjálpaðu barninu þínu að forgangsraða og skipuleggja tíma sinn
- Vertu góð fyrirmynd



„Enginn einn einstakur þáttur hefur eins mikil áhrif á námsárangur barna og líðan þeirra í skólanum eins og viðhorf og stuðningur foreldra“
(Kritin, 2015)



Reglur um snjalltæki í Grunnskóla Hornafjarðar

**Heillavænlegast er að nemandi skilji snjalltækin sín
þar með talin snjallsíma, snjallúr, leikjatölvur
o.s.frv. eftir heima.**

Öll notkun snjalltækja nemenda er óheimil í öllu skólahúsnæðinu*.

Ef forráðamenn kjósa að senda barnið með snjalltæki í skólann skal vera slökkt á því og það geymt í skólatösku þar til skóla lýkur samkvæmt stundatöflu og barnið hefur yfirgefið skólahúsnæðið.

Snjalltæki eru á ábyrgð nemenda og/eða forráðamanna.

Ef forráðamenn þurfa að ná tali af barni sínu á meðan á skólatíma stendur er þeim bent á að hafa samband við ritara skólans sem kemur skilaboðum áleiðis. Noti nemendur snjalltæki í heilsufarslegum tilgangi (t.d. v/ sykursýkismælinga) er undanþága veitt.

**Ef nemandi kýs að fylgja ekki reglum skólans um
snjalltæki hefur hann val um:**

a) Afhenda starfsmanni tækið. Starfsmaður hefur samband við forráðamann sem getur nálgast tækið á skrifstofu skólans.


b) Afhendi nemandi ekki tækið skal hann bíða hjá stjórnanda þar til forráðamaður kemur í skólann til að ljúka afgreiðslu málsins. Nemandi fær skráða fjarvist í þá tíma sem hann missir af vegna þessa. Við endurtekin brot verður forráðamaður boðaður á fund stjórnenda og gerð áætlun um næstu skref.

*Til skólahúsnæðis teljast: Heppuskóli, Hafnarskóli, Vöruhús, Íþróttahús, sundlaug, Báran, Þrykkjan, Sindrabær, Kátakot og matsalurinn.

GAGNVIRKUR LESTUR

LEIÐ TIL AÐ EFLA LESSKILNING

Eftirfarandi samantekt er ætluð foreldrum/forráðamönnum sem vilja styðja við lesskilning barna sinna með því að nota gagnvirkan lestur.



Athugið: Stundum getur verið skynsamlegt að kenna barninu eingöngu að vinna með einn þátt í senn. Hér má t.d. byrja á samantektinni og bæta síðan öðrum þáttum við einum af öðrum. Í lokin er svo unnið með alla þættina.